| Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu | Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta | Hvenær hefst | Hvenær lokið | Ábyrgðaraðili/ar | Endurmat, hvenær/hvernig |
|---|---|---|---|---|---|
| **Svið I – Leikskólinn og umhverfi hans[1]** | | | | | |
| • Gera ætti einkunnarorð leikskólans sýnilegri | Setja Logo og einkunnarorð skólans í undirskrift tölvupósta.<br>Hengja upp á fleiri stöðum í húsinu, t.d. í glugga og á veggi<br>Vinna með orðin í vinaviku<br>Setja á viðburðardagatölin | Ágúst 2023 | Febrúar 2024 | Skólastjórnendur og deildarstjórar | Vor 2024 |
| • Huga þarf að aðstöðu fyrir starfsfólk á Skógarlandi til undirbúnings | Fá fleiri fartölvur í húsið svo hægt sé að vinna annarstaðar en í undirbúningsherbergi.<br>Iðjuþjálfi fer yfir húsgögn og gerir áætlun.<br>Gera aðstöðu þar sem fólk getur setið við að klippa og líma án þess að taka tölvupláss. | Janúar 2024 | Stöðug endurnýjun | Leikskólastjórnendur | Skoðað á hverju ári |
| • Skoða ætti möguleika á betri aðstöðu fyrir minni fundi á báðum stöðum | Þeir möguleikar eru í stanslausri skoðun. Höfum ekki önnur ráð en að nýta þau rými sem fyrir eru. | Alltaf í skoðun | Alltaf í skoðun | Leikskólastjórnendur | Hverju vori |
| • Fylgja þarf eftir beiðni um úrbætur á útileiksvæði beggja starfsstöðva | Skólastjóri er í stöðugu samtali við framkvæmdarráð um umbætur.<br>Húsvörður mun funda með umhverfissviði. Mikilvægt að hafa samráð við starfsmenn um hvað þarf að laga. | Alltaf í gangi | Alltaf í gangi | Leikskólastjórnendur | Farið yfir stöðuna Vor 2024<br>Aftur vor 2025 |

[1] Bætið við línum eftir þörfum.

| Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu | Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta | Hvenær hefst | Hvenær lokið | Ábyrgðaraðili/ar | Endurmat, hvenær/hvernig |
|---|---|---|---|---|---|
| **Svið II – Stjórnun** | | | | | |
| • Ljúka þarf að endurskoðun skólanámskrár í samræmi við aðalnámskrá leikskóla frá 2011 með aðkomu allra aðila leikskólasamfélagsins | Stefnt er að því að ljúka vinnu við endurskoðun skólanámskrár í samræmi við aðalnámskrá og nýjustu viðbætur. | Haust 2023 | Maí 2024 | Leikskólastjórnendur | Maí 2025 |
| • Við gerð næstu starfsáætlunar þarf að fylgja betur eftir áherslum aðalnámskrár leikskóla frá 2011 um innihald starfsáætlunar og tryggja aðkomu allra aðila leikskólasamfélagsins | Verður gert fyrir starfsáætlun 2024-2025 | Haust 2024 | September 2024 | Stjórnendur og leikskólafulltrúi | Haust 2025 |
| • Vinna þarf verklagsreglur um meðferð ágreining og eineltismála í leikskólanum. | Góðar verklagsreglur um meðferð eineltismála eru hjá Múlaþingi.<br>Vinna þarf sýnilegar verklagsreglur um einelti. | Janúar 2024 | Maí 2025 | Stjórnendur | Haust 2026 |

MENNTAMÁLASTOFNUN

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | Vinna þarf verklagsreglur um ágreiningsmál hjá leikskólanum. | | | | |
| • Skólastjórnendur ættu að hafa skriflega verkaskiptingu og gera hana sýnilega starfsfólki og foreldrum. | Verður unnin þegar stjórn er fullmönnuð. | Nóv 2023 | Des 2023 | Stjórnendur | Vor 2024 |
| • Skoða ætti verkaskiptingu milli leikskólastjóra og deildarstjóra | Ræða á deildarstjórafundum í samræmi við starfslýsingar. Verkaskipting á að vera skýr, mun skýrast en betur þegar stjórnendastöður eru fullmannaðar. | Nóv 2023 | Nóv 2023 Komið | Stjórnendur og deildarstjórar | Haust 2024 |
| • Æskilegt er að skoða stjórnunarhlutfall leikskólans út frá stærð hans | Auka stöðugildi aðstoðarleikskólastjóra um 50% með staðsetningu á Tjarnarlandi. Er verið að auglýsa stöðu aðstoðarleikskólastjóra með aðsetur á Skógarlandi núna í nóvember | Ágúst 2023 | Ágúst 2023 Komið | Skólastjóri | Búið er að ráða tvo nýja aðstoðarleikskólastjóra. |
| • Taka umræðu með deildarstjóra út frá miklu álagi vegna of margra verkefna og leita leiða til að styrkja þær í starfi | Umræða tekin á sama tíma og umræða um verkaskiptingu. Allir deildarstjórar eru á námskeiði í menntafléttunni um starf deildarstjóra. | Haust 2023 | Janúar 2024 | Leikskólastjórnendur og deildarstjórar | Skoðað á hverju hausti |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| • Nauðsynlegt er að skoða meint einelti og / eða áreiti sem fram kemur í starfsmannkönnun frá 2021 | Rætt á starfsdegi í umræðum um starfsmannakönnun 2023. Áætlun hjá Múlaþingi til. Starfsmenn hafa fengið fræðslu en enn mælist einelti á staðnum. Hvetja þarf þolendur að leita einhverra þeirra fjölda úrræða sem eru í boði. Kynning á eineltisáætlun sveitarfélagsins á starfsdegi í nóvember. | Sept 2023 | Nóv 2023 | Stjórnendur /öryggisnefnd | Alltaf í skoðun |
| • Skoða þarf upplýsingaflæði til afleysingafólks | Þurfum nánari upplýsingar frá afleysingarfólki. Taka á vandamálum þar sem þau eru. Hvetja afleysingar til að spyrja deildarstjóra sé eitthvað óljóst. | Alltaf í skoðun | Alltaf í skoðun | Stjórnendur og deildarstjórar. | Alltaf í skoðun |
| • Leita ætti leiða til að deildir geti haldið deildarfundi samkvæmt áætlun | Ávallt er leitað allra leiða til að halda fundi. Halda fundi þó að það vanti starfsfólk. Aukið hefur verið við starfsmannafundi við skólann. | Alltaf í skoðun | Alltaf í skoðun | Deildarstjórar | Alltaf í skoðun |
| • Skrá ferli um samskipi og lausn ágreiningsmála meðal starfsfólks | Skólastjóri gerir skjal til að skrá ágreiningsmál og hvernig þau eru leyst. Hafa aðila máls og tíma/dagsetningar skýrar. Öll úrbótasamtöl/ágreinings eiga að ljúka með tímasetningum á nýjum fundi og trúnaðarmenn hvattir til að mæta sem þriðji aðili á alla fundi. | Okt 2023 | Nóv 2023 Komið | Leikskólastjórar | Alltaf í skoðun |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| • Æskilegt væri að skoða hvernig starfsfólki er raðað á stundir dagsins í þeim tilgangi að tryggja að leikskólinn sé full mannaður allan daginn | Ávallt reynt. Stöðufundir haldnir á hverjum morgni til að fara yfir hvern dag. | Alltaf í skoðun | Alltaf í skoðun | LeikskólastjórnendurDeildarstjórar | Alltaf í skoðun |
| • Skoða ætti hvernig betur er hægt að nýta mannauð leikskólans og finna leiðir til að byggja upp virkt lærdómssamfélag | Starfsfólk fer reglulega á námskeið og deilir með samstarfsfólki því sem þau læra. Reglulega fara hópar saman á námskeið eða í nám og mynda þá saman lærdómssamfélög um efnið. Haldin er skráning um þá sem fara á ákveðin námskeið sem nýtast í starfi. | Alltaf í skoðun | Alltaf í skoðun | Allir starfsmenn | Alltaf í skoðun |
| **Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu** | Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta | Hvenær hefst | Hvenær lokið | Ábyrgðaraðili/ar | Endurmat, hvenær/hvernig |
| **Svið III – Uppeldis og menntastarf** | | | | | |
| • Æskilegt að móta leikefnisstefnu tengda áherslum leikskólans , yfirfara, flokka meta leikefni leikskólans í tengslum við mótun leikefnisstefnunnar | Mynda teymi um leikstefnu skólans. Gera lista af þeim leikföngum og efnivið sem við viljum eiga og nota. Reikna með ákveðinni upphæð á ári í kaup á leikföngum og búnaði. | Vor 2024 | Maí 2025 | Aðstoðarleikskólastjórar og sérkennslustjóri | Maí 2026 |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| • Skoða ætti markvissari vinnu með einingarkubba, styrkja þekkingu á hugmyndafræði kubbanna, skoða staðsetningu þeirra og hlutverk starfsfólks | Fá fræðslu á starfsdegi.<br>Halda markvissa fræðslu reglulega og móta okkur reglur fyrir hverja álmu eða stig og fara fram á að allir leiki t.d. að minnsta kosti 1x í mánuði með Einingakubba. | Haust 2024 | Vor 2025 | Stjórnendur<br>Deildarstjórar | Haust 2025 |
| • Skoða hvernig er hægt að mæta áhuga starfsfólks á að vinna markvissar með opinn efnivið | Fá fræðslu um opinn efnivið og vinnu með hann. Fáum fræðslu í febrúar 2024. | Haust 23 | Maí 2024 | Stjórnendur | Maí 2025 |
| • Leita leiða  til að styrkja  og vinna markvissar að umhverfisvernd og útinámi allra barna og gera þá vinnu sýnilega í gögnum leikskólans | Alltaf einhver vinna í gangi.<br>Setja inn í starfsáæltun<br>Gera sýnilega hvað er útinám og umhverfisvernd, bæði fyrir foreldra og starfsfólk. Fá fræðslu um útiveru barna. Skoða skipulag og leiktæki á lóðinni. Hverju má breyta eða gera með það sem er til staðar. | Haust 2024 | Vor 2025 | Stjórnendur<br>Útináms áhugafólk | Alltaf í skoðun |
| • Skoða leiðir til að gefa börnum tækifæri til að meta | Leikurinn er námsleið barnsins. Við erum að leyfa þeim að þróa sig áfram í gegnum leik með | Haust 2024 | Des 2024 | Stjórnendur og deildarstjórar | Vor 2025 |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| nám sitt og setja sér markmið | félagstengsl - samskipti – erum að vinna þetta i öllu starfi. Skoða hvernig er gert í öðrum skólum, hvernig er þetta metið? | | | | |
| • <u>Leita skal leiða til að vinna með uppeldislegar skráninga á námi allra barna</u> | Uppeldisleg skráning fer m.a. fram í gegnum ferilmöppu. Mætti gera hærra undir höfði og fræða starfsfólk um tilgang hennar og mikilvægi. Erum með TRAS og að innleiða Míó fyrir öll börn. | Des 2023 | Maí 2025 | Ferilmöpputeymi Leikskólakennarar. Deildarstjórar með kennurum á deildum | |
| • Auka aðkomu foreldra að mati á námi og framförum barna sinna. | Foreldrar mæta í viðtöl 2x á ári þar sem þau fara yfir framfarir og nám barna sinna. Foreldrar geta alltaf fengið viðtal við deildarstjóra. | Alltaf í skoðun | Alltaf í skoðun | Stjórnendur /deildarstjórar | |
| • Leita ætti leiða til að nýta styrkleika starfsfólks og hugmyndir um verkefnastjórn einstakra verkþátta svo sem útináms, hreyfingar og skapandi starfs | Er ávallt reynt. Fólk yfirleitt duglegt að bjóða sig fram hafi það áhuga. | Alltaf í gangi | Alltaf í gangi | Stjórnendur | Vor 2025 |
| • Æskilegt væri að auka fræðslu og leiðbeiningar til nýs | Virða tímann í aðlögun í starfi. Nýta leiðbeiningasamtöl til að kenna og upplýsa nýtt | Alltaf í gangi | Alltaf í gangi | Stjórnendur og deildarstjórar | Maí 2025 |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| starfsfólks um hlutverk sitt í námi barna | starfsfólk um hvers er ætlast til af þeim og gefa þeim tækifæri á ráðgjöf án þess að tala yfir barnahópnum. Samanber leiðsagnasamtöl sem allt nýtt starfsfólk á rétt á.<br>Í starfslýsingu deildarstjóra kemur fram að þeir beri ábyrgð á þjálfun og leiðsögn nýrra starfsmanna. | | | | |
| • Leita leiða til að gefa börnunum tækifæri til að koma með hugmyndir á matseðil leikskólans. | Fá hugmyndir hjá börnunum og koma til mötuneytis. | Haust 2024 | Des 2024 | Deildarstjórar | Maí 2025 |
| • Æskilegt væri að meta aðferðir við framkvæmd skylduverkefna. | Deildarstjórar þurfa að ræða þetta á deildarfundum með sínu fólki og skoða hvernig þetta er gert. Verðum að gæta þess að hafa verkefni ekki of stýrð en sum verkefni erum við alltaf að vinna til að meta þroska barna. | Alltaf í skoðun | Alltaf í skoðun | Stjórnendur<br>Deildarstjórar | Alltaf í skoðun |
| • Huga að leiðum til að bjóða börnum fjölbreyttari tækifæri til listsköpunar m möguleikum þeirra á að hafa frumkvæði | Taka fyrir á deildarstjóra- og deildarfundum. Hvernig er staðan á hverri deild, hvaða efnivið er eðlilegt að þau komist í ? Hvernig er hægt að hafa hann aðgengilegan? | Janúar 2024 | Maí 2024 | Stjórnendur og deildarstjórar | Maí 2025 |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| og auka aðgengi þeirra að skapandi efnivið á deildum og í listasmiðjum | | | | | |
| • Auka búnað og tæki sem ætluð eru til rannsókna og vísinda og gera hann aðgengilegan börnum | Ýmis búnaður er til. Þarf að finna hann til, kynna fyrir starfsfólki<br>Gera hann aðgengilegan og eiga nóg til að fleiri en ein deild geti notað. Fá fræðslu um vísindi í leikskólastarfi. | Haust 2024 | Vor 2025 | Stjórnendur og deildarstjórar | Vor 2026 |

| **Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu** | **Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta** | **Hvenær hefst** | **Hvenær lokið** | **Ábyrgðaraðili/ar** | **Endurmat, hvenær/hvernig** |
|---|---|---|---|---|---|
| **Svið IV – Foreldrasamvinna og ytri tengsl** | | | | | |
| • Foreldraráð þarf að vinna starfsáætlun fyrir ráðið og setja inn á heimasíðu leikskólans | Foreldraráð sér um. | Haust 2023 | Maí 2024 | Foreldraráð og leikskólastjóri | Maí 2025 |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| • Upplýsingar um nýtt foreldraráð þarf að setja inn á heimasíðu leikskólans | Var strax lagað og verður gert með nýju foreldraráði | Komið | Komið | Leikskólastjóri | Við kosningu á nýju foreldraráði |
| • Taka ætti til athugunar ábendingar foreldra í rýnihóp um daglegar upplýsingar á töflu | Ræða á deildarstjórafundum haust 23 og benda á að það megi skrifað stutta punkta um daginn.<br>Rætt á foreldraráðsfundi. | Nóv 2023 | Nóv 2023 | Deildarstjórar | Haust 2024 |
| • Skoða ætti möguleika á reglulegri upplýsingagjöf til foreldra um þroska og framfarir barna | Er gert bæði að hausti og að vori í foreldraviðtölum. Einnig geta foreldrar alltaf leitað eftir upplýsingum hjá deildarstjórum. | Er gert | Er gert | Deildarstjórar | Er gert |
| • Æskilegt er að yfirfara og samræma verklag deilda varðandi upplýsingamiðlun til foreldra | Tekið fyrir á deildarstjórafundum.<br>Leiðbeina nýjum deildarstjórum með hvað við sendum og á hvaða miðlum. | Nóvember 2023 | Nóvember 2023 | Stjórnendur<br>Deildarstjórar | Maí 2024 |

| Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu | Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta | Hvenær hefst | Hvenær lokið | Ábyrgðaraðili/ar | Endurmat, hvenær/hvernig |
|---|---|---|---|---|---|
| **Svið V – Skóli án aðgreiningar** | | | | | |
| • Tryggja að foreldrar komi ávallt að gerða einstaklingsnámskrár síns barns. | Sérkennslustjóri og sérkennarar eru í samskiptum við foreldra um gerð einstaklingsnámskrár. Foreldrar hafa ávallt tækifæri að því að koma að gerð einstaklingsnámskráa meðal annars með aðstoð spurningalista. | Sept 2023 | Okt 2024 | Sérkennslustjóri | Vor 2025 |
| • Gera ætti feril um viðbrögð við grun um frávik hjá börnum | Ferlin eru tilbúin frá fjölskyldusviði. Eru komin inn á heimasíðu leikskólans. | Haust 2023 | Des 2023 | Sérkennslustjóri | Alltaf í skoðun |
| • Æskilegt væri að koma á sérkennsluteymi við leikskólann | Sérkennarar eru í sérkennsluteymi með sérkennslustjóra. Teymin funda einu sinni í mánuði. Einnig er farsældarteymi sem sérkennarar úr sitthvoru húsi er í ásamt sérkennslustjóra, aðstoðarleikskólastjóra sem sér um farsældina og leikskólastjóra | Komið | Komið | Sérkennslustjóri | Alltaf í skoðun |
| • Koma ætti á reglulegum fundum sérkennslustjóra og deildarstjóra og bæta þannig upplýsingaflæði til alls starfsfólks | Sérkennslustjóri fundar með deildarstjórum eftir þörf og fundargerð af sérkennslufundum þurfa að vera aðgengilegar deildarstjórum. | Nóvember 2023 | Febrúar 2024 | Sérkennslustjóri | Maí 2024 |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| • Samræma þarf vinnu á deildum um einstaklingsnámskrár | Skoðað á sérkennslufundum og samræmt yfir allt. Sérkennslustjóri vinnur í samvinnu við deildarstjóra. Ákveða í hvaða höndum ábyrgðin liggur. | Haust 2023 | Vor 2024 | Sérkennslustjóri | Haust 2024 |
| • Skoða leiðir til að gera vinnu við heimamenningu allra barna markvissa og sýnilega í gögnum skólans | Fánar og kveðjur sýnilegar í leikskólanum.<br>Ræða leiðir á deildarstjórafundum til að gera heimamenninguna sýnilegri. | Janúar 2024 | Des 2024 | Leikskólastjórnendur /sérkennslustjóri | Alltaf í skoðun |
| • Gagnlegt væri að hafa upplýsingar á heimasíðu leikskólans á fleiri tungumálum en á íslensku | Skoða í samráði við aðra leikskóla í sveitarfélaginu og leikskólafulltrúa. | Janúar 2024 | Janúar 2025 | Leikskólastjórnendur ásamt leikskólafulltrúa | Vor 2025 |

| Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu | Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta | Hvenær hefst | Hvenær lokið | Ábyrgðaraðili/ar | Endurmat, hvenær/hvernig |
|---|---|---|---|---|---|
| **Svið VI – Innra mat** | | | | | |
| | | | | | |
| • **Gera matsáætlun fyrir hvert skólaár þar sem fram kemur viðfangsefni matsins hvaða markmið eigi að meta og viðmið um árangur skilgreindar. Tímasetja matið tilgreina ábyrgðaraðila og hvaða gagna á að afla** | Matsteymi var nýlega stofnað við skólann. Það mun gera áætlun til nokkurra ára. | Nóvember 2023 | Maí 2024 | Leikskólastjórnendur og innra mats teymi. | Maí 2025 |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| • **Meta stefnu leikskólans og markmið markvisst og reglubundið og skilgreina viðmið um gæði og árangur** | Verður sett í innra mat skólans. | Júní 2024 | Des 2024 | Leikskólastjórnendur | Vor 2025 |
| • <u>Huga að aðkomu forldraráðs í að ákveða áherslur og forgangsröðun á innra mati</u> | Skoða á fundi með foreldraráði og fá þeirra mat á því hvernig það er hægt | Haust 2023 | Vor 2024 | Leikskólastjóri ásamt foreldraráði | Vor 2024 |
| • Efla mat og ígrundun starfsfólks á eigin starfsháttum í daglegu starfi | Gert á deildarfundurm, skipulagdsdögum. Verður skýrara þegar innra mats áætlun verður tilbúin. | Allaf í skoðun | Alltaf í skoðun | Stjórnendur, deildarstjórar - allir starfsmenn | Alltaf í skoðun |
| • **Gæta að fjölbreytni í öflun gagna meðal starfsfólks , barna og foreldra með aðferðum sem hæfa viðkomandi hópum og tryggja að raddir barna heyrist í mati á leikskólastarfinu** | Teljum okkur gera þetta vel. Gætum bætt inn gögnum frá börnunum sjálfum. Innra mats teymi sér um útfærslu | Vor 2024 | Des 2024 | Stjórnendur | Vor 2025 |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| • Birta greinargerðir um innra matið á heimasíðu leikskólans þar sem fram koma upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður og greining á styrkleikum og tækifærum til umbóta | Innramatsteymi gerir greinagerð um innra matið sem unnið er af deildum, mati sem er gert heilt yfir og niðurstöður úr skólapúlsi. Það er sett inn á heimasíðu. Setur fram hvað er verið að meta og niðurstöður. Ásamt styrkleikum og það sem við þurfum að bæta | Mars 2024 | Nóvember 2024 | Leikskólatstjórnendur og innmatsteymi | Alltaf í skoðun |